

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðar og heimildum skv. E-lið 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 og áorðnum breytingum skv. ákvæðum 3. og 9. tl. 7. gr. laga nr. 7 23. mars 1972 öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1975. Jafnframt falla úr gildi, eftir því sem við á, ákvæði 28. gr. og B-liðs 31. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt og 1. gr. reglugerðar nr. 79 10. mars 1966 um breyting á þeirri reglugerð. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð nr. 355 29. desember 1972 um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 112 12. júlí 1966.

Grunngjöld samkvæmt ákvæðum gjaldskrár fyrir dýralækna nr. 112/1966 skulu innheimt með 20% álagi til viðbótar því 10% álagi, sem heimilað var með auglýsingu 15. september 1969.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 31 frá 5. maí 1970 um dýralækna, og öðlast gildi 1. september 1974.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans í Reykjavík er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum:

1. stig farmanna og fiskimanna.
2. stig farmanna og fiskimanna.
3. stig farmanna.
4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins.

Hverju stigi skal, ef þörf krefur, skipta í kennslubekki (deildir). Í hverjum kennslubekk mega að jafnaði ekki vera fleiri en 20 nemendur. Þetta ákvæði gildir þó eigi, þegar fyrirlestrar eru fluttir.

Við verklegar æfingar skulu að jafnaði eigi vera fleiri en 10 nemendur í hóp.

II. KAFLI

Um inntöku nemenda.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Til þess að fá inngöngu í 1. bekk þarf umsækjandi að leggja fram vottorð um 24 mánaða hásetatíma eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir.

Til þess að fá inngöngu í deild þá, er býr menn undir próf skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið 3. stigs prófi með eigi lægri en fyrstu meðaleinkunn.

Skólastjóra er þó heimilt að veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á, svo sem langur reynslutími sem stýrimaður á varðskipum ríkisins.

2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst, eins og tilskilið er í reglugerð um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að leggja fram sakarvottorð.
6. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Starfrækja skal undirbúningsdeild fyrir þá, sem fullnægja ekki framangreindu skilyrði 6. liðar. Inntökuskilyrði í deildina skulu vera 17 mánaða hásetatími eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir auk framangreindra almennra inntökuskilyrða 2, 4 og 5.

Starfstími deildarinnar skal vera minnst 5 mánuðir.

Nú sannar umsækjandi með prófi, að hann hafi þá kunnáttu, sem undirbúningsdeildin veitir, og á hann þá rétt á setu í 1. bekk, að fullnægðum öðrum inntökuskilyrðum.

Heimilt er að halda inntökupróf upp í 1. bekk að haustinu, áður en kennsla hefst, í stærðfræði, eðlisfræði, íslensku, ensku og dönsku.

4. gr.

Aðgang að skólanum geta nýir nemendur ekki fengið eftir að kennsla er hafin. Þó getur skólastjóri, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

III. KAFLI

Um kennsluna.

5. gr.

Í skólanum skal kenna eftirtaldar námsgreinar: Stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslensku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku, vélritun og íþróttir, einkum sund. Þá skulu nemendur á 1. og 2. stigi fá fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum. Auk þess skal kenna þær greinar, sem krafist er sérstaklega fyrir skipstjóraþróf á varðskipum ríkisins.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir.

Kennslumagn, prófkröfur og tilhögun prófa fyrir hvert stig skal ákveða í sérstakri prófreglugerð.

IV. KAFLI

Um kennslutíma og leyfi.

6. gr.

Skólaárið hefst 1. september og endar 31. ágúst.

7. gr.

Í viku hverri skulu í hverjum bekk eigi vera færri en 36 kennslustundir. Hver kennslustund er 40 mínútur. Hlé skal vera milli kennslustunda eftir nánari fyrir-mælum skólastjóra.

8. gr.

Kennslutími fyrir hvert stig skal vera sem hér segir:

Fyrir 1. stig minnst 7 mánuðir

Fyrir 2. stig minnst 15 mánuðir

Fyrir 3. stig minnst 23 mánuðir

Fyrir 4. stig minnst 28 mánuðir.

9. gr.

Stundafjöldi námsgreina á viku skal vera sem hér segir:

Námsgreinar:	Undirb.	1. stig	2. stig	3. stig	4. stig
	deild				
Stærðfræði	12	6	3	3	6
Siglingafræði		12	11	7	6
Íslenska	7	5	4	3	
Danska	6	3	3	3	
Enska	7	3	4	4	6
Sjóréttur		2	2	2	
Bókhald			2		
Eðlisfræði	5	2	3		6
Rafmagnsfræði				6	
Vélfræði			2	2	
Landa- og veðurfræði			1	2	
Sjómennska		9	7	5	4
Alþjóðaréttur og skýrslur					3
Alþjóðamerki					4
Vopn og verjur					2
Líkamsæfingar					3
Samtals á viku	37	42	42	36	40

Auk þess skal kennd heilsufræði, viðskiptafræði, brunavarnir og vélritun á námskeiðum eftir nánari ákvörðun skólastjóra í samráði við kennara. Enn fremur skulu nemendur njóta tilsagnar í björgun úr sjávarháaska.

Nemendum á 1., 2. og 3. stigi skal veitt aðstaða til líkamsæfinga, 2 st. á viku fyrir hvert stig.

Færa má til stundafjölda í námsgreinum hverrar deildar, ef þess er þörf.

10. gr.

Um leyfi fer eftir reglugerð um leyfi í skólum.

11. gr.

Stefnt skal að því, að nemendur geti lokið sem mestu af daglegri undirbúningsvinnu sinni í skólanum.

12. gr.

Undirbúningsdeildir og 1. bekkjardeildir í Reykjavík og úti á landi skulu starfræktar á sama tíma. Þó skal eigi starfrækja deild með færri en 10 nemendum, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

V. KAFLI**Um starfslið skólans.****13. gr.**

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra við skólann og fasta kennara, eftir því sem þurfa þykir, að mati skólastjóra og ráðuneytis. Stundakennara ræður skólastjóri. Forstöðumenn við námskeið á vegum skólans utan Reykjavíkur ræður skólastjóri í samráði við menntamálaráðuneytið, en stundakennara ræður forstöðumaður að fengnu samþykki skólastjóra.

Heimilt er skólastjóra með samþykki ráðuneytisins að fá aðstoð við skrifstofustörf, eftir því sem þurfa þykir.

14. gr.

Öllum kennurum skólans ber af fremsta megni að stuðla að góðri reglu í skólanum og láta sér annf um, að kennslan nái tilgangi sínum. Kennurum ber jafnan að vera komnir í skólann, áður en kennslustund þeirra hefst, og fara tafarlaust inn í sína kennslustofu, þegar bringt er inn.

VI. KAFLI**Um stjórn skólans.****15. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og greiðist kostnaður af skólahaldinu úr ríkissjóði.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og rekstur hans. Hann hefur yfirumsjón með húsakynnum hans og munum, sjóðum, framkvæmdum og fjárreiðum öllum. Einnig skal hann leggja fyrir menntamálaráðuneytið fjárhagsáætlun um rekstur skólans, öflun kennslutækja, bóka og annað, sem að rekstri skólans lýtur.

Að afloknum fullnaðarprófum skal skólastjóri gefa ráðuneytinu skýrslu um kennsluna, prófin og aðra starfsemi skólans.

Skólastjóra til aðstoðar er skólanefnd, sem fylgist með kennslutilhögun, námsefni og málefnum skólans almennt. Breyting á námsskipan eða kennsluháttum skal þó borin undir almennan kennarafund. Í öðrum veigamiklum málum er varða skólan skal og leita álits kennarafundar.

Ráðuneytið skipar menn í skólanefnd eftir tilnefningu eftirtaldr aðila: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 2 menn, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, Vinnuveitendasambands Íslands 1 mann, Landssambands íslenskra útvegsmanna 1 mann, og nemenda skólans 2 menn. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Skólanefndarmenn eru skipaðir til 4 ára í senn, nema fulltrúar nemenda til eins árs.

16. gr.

Skólastjóri skal sjá um, að í skólanum séu eftirtaldar bækur: prófbók, áhaldabók og dagbók, og að reglulega sé í þær ritað, eftir því sem við á.

VII. KAFLI

Um nemendur skólans.

17. gr.

Nemendur skulu í kennslustundum sem utan þeirra sýna kennurum sínum virðingu og hlýðni.

18. gr.

Nemendur skulu jafnan vera komnir í skólann á hverjum kennsludegi, áður en kennsla byrjar, og geti nemandi eigi sótt skólann sakir sjúkleika eða af öðrum gildum ástæðum, skal hann samdægurs senda skólastjóra tilkynningu um það, en skólastjóra ber að grennslast eftir, á hvaða rökum fjarvistir eru byggðar, sé eigi krafist læknisvottorðs.

19. gr.

Nemendur skulu ávallt vera siðprúðir og ástundunarsamir og ekki viðhafa áflog eða ryskingar í skólahúsinu. Reykingar eru stranglega bannaðar í kennslustofum.

20. gr.

Valdi nemandi skemmdum á húsakynnum, kennsluáhöldum eða munum skólans, skal hann bæta þær að fullu.

21. gr.

Skyldir eru nemendur til að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að vera settar, til að styðja að reglu og aga í skólanum.

22. gr.

Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur og skólavera hans teljist skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus fyrir nemandann sjálfan, að dómi skólastjóra og fastra kennara, getur skólastjóri vísað honum burt úr skólanum um stundarsakir og við ítrekað brot fyrir fullt og allt.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22. 3. maí 1972, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 1 14. febrúar 1967.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um Ríkisútvarp.

I. KAFLI

Starfssvið Ríkisútvarpsins.

1. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir stjórnarsfarslega undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, en til þess telst útsending til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem sent er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.